Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan

Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista



Ert þú áskrifandi að viku-blaði verkafólks?

21. og 22. tölublað | Þriðjudagur 5.6.1979 | 8. árgangur | Verð kr. 150



Samdráttur er nikil í biggingariðnaði

Samdráttur og uppsagnir

Nokkuð hefur borið á uppsögnum á vinnustöðum í Reykjavík og víðar undanfarið.

Hjá Eimskip var nokkrum sagt upp fyrir skömmu og hjá Flugleiðum er haldið áfram að fækka starfsfólki. Mun aðeins einn ráðinn fyrir hverja fjóra sem hætta.

Þessi þróun hefur þær afleiðingar fyrir það starfsfólk sem eftir er að vinnuálag stóreykst.

Þá hefur Reykjavíkurborg látið þau boð út ganga að yfirvinna kennara megi ekki fara fram úr vissu marki næsta vetur.

Hér má bæta við að það er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar að fækka bændum og minnka landbúnaðarframleiðsluna. Með vaxandi samdrætti og atvinnuleysi í þéttbýli eru mestar líkur á atvinnuleysi bændanna sem þannig eru flæmdir burt af jörðum sínum.

Mesti fyrirsjáanlegi samdrátturinn er þó í byggingariðnaði.

Á árinu verður úthlutað lóðum undir 262 íbúðir á Stór-Reykjavíkursvæðinu en var í fyrra 738 íbúðir.

Atvinnuleysi í byggingariðnaði hefur verið meira í vetur en undanfarin ár og samdrátturinn bendir til mjög aukins atvinnuleysis næsta vetur verði ekkert að gert.

Á ráðstefnu félaga verkamanna í byggingariðnaði var bent á leiðir til úrbóta. Til dæmis að sveitarfélög samræmdu skipulagsáætlanir sínar, að lán yrðu á einni hendi og lánstími lengdur til mikilla muna og að hamlað verði gegn innflutningi húsa og húseininga. Þarna er raunar farið fram á algera vísitölubindingu lána eins og nú virðist vera stefna stjórnvalda hvernig sem það dæmi gengur nú upp þegar launþegar eiga að greiða vísitölutryggð lán með óverðtryggðu kaupi.

Alþýðubandalagið og kjarajöfnunin

Alþýðubandalagsmenn með Gvend jaka helstan í broddi fylkingar þykjast nú vera einu og sönnu talsmenn kjarajöfnunar í landinu. Ráðherrar AB, sem hafa um það bil 1.5 millj. á mánuði, eru að sjálfsögðu með í þessari söngsveit sem gæti heitið Söngsveitin Kjaraskerðing.

Og hver er svo þessi kjarajöfnun?

Jú, að taka samninga úr gildi ofan við visst mark, af svokölluðu hátekjufólki sem nú er fólk með meira en 210 þúsund á mánuði, og greiða hinum lægstlaunuðu 3% kauphækkun.

Þetta er nákvæmlega það sama og fyrrverandi ríkisstjórn gerði og kallaðist réttilega þá kauprán. Hvernig er unnt að kalla það kjarajöfnun núna?

Í leiðara Þjóðviljans nýlega er sagt að með þessu sé alls ekki verið að segja að láglaunafólkið vilji hafa af þeim sem hærri laun hafi. Það vita líka allir svo að það er óþarft að taka það fram. Það er aðeins ríkisstjórnin og atvinnurekendur sem vilja hafa laun af fólki, ekki aðeins sk. hátekjufólki heldur öllum launþegum.

Í þessum tilgangi sínum beitir ríkisstjórnin ítökum sínum í forystu stéttarfélaga og hinni vinsælu kökukenningu sem notuð er til að sundra baráttu launþega.

En ríkisstjórnin er ekki að þessu til að auka gróða atvinnurekenda segir í téðum leiðara Þjóðviljans. Öðru nær.

Manni verður á að spyrja af hverju verð vöru og þjónustu rjúki þá upp úr öllu valdi meðan kaup hækki minna og kaupmáttur minnki þannig?

Framhald á síðu 6

Varaforsætisráðheri a Kína í heimsókn

SJÁ SÍÐU 2

Hvað eru laun?

SJÁ SÍÐU 4

Hin nýju lög um húsaleigu

SJÁ SÍÐU 5

Sameiningarviðræður KFÍ og EIK

Undanfarnar vikur hafa átt sér stað sameiningarviðræður milli fulltrúa Kommúnistaflokks Íslands ml og Einingarsamtaka íslenskra kommúnista ml í því skyni að kanna hvar ágreiningur lægi og um hvað væri samstaða. Fyrsta stigi þessara viðræðna er nú lokið og kom í ljós að ágreiningurinn var minni en efni stóðu til. Um framhaldið er ekki ákveðið enn en segja má að nú ríki bjartari horfur en áður hvað varðar mögulega sameiningu þessara tveggja samtaka.

KFÍ og EIK munu væntanlega gefa út sameiginlega yfirlýsingu varðandi þetta mál.

„Aflífaðir" kampútseumenn ganga aftur í Noregi



Hing Un heitir maður sem nýlega var staddur í Noregi í erindagjörðum stjórnar Pol Pots í Kampútseu. Erindið var að vinna málstað stjórnar Pol Pots fylgis í Noregi og fá norsk stjórnvöld til að láta af stuðningi við Víetnam. Það sem gerir þessa heimsókn sögulega er að "samkvæmt áreiðanlegum heimildum" átti þessi maður að vera löngu dauður.

Wilfred Burchett heitir blaðamaður sem áður studdi þjóðir Indókína í baráttu þeirra gegn bandarísku heimsvaldastefnunni en hefur undanfarið einna skæðast ráðist á stjórn Pol Pots í Kampútseu. Hann ritaði í fyrra grein í franska blaðið Afrique Asie og sagði þar að téður Hing Un hefði verið tekinn af lífi af Pol Pot.

Hing Un kvaðst í viðtali við blaðamann Klassekampen, málgagn Kommúníska verkamannaflokksins í Noregi, þekkja þennan Wilfred. "Hann studdi á sínum tíma baráttu okkar gegn Bandaríkjunum", sagði hann. "En nú þjónar hann hins vegar rússneskum og víetnömskum heimsvaldasinnum".

Á listanum í grein Wilfreds voru 12 menn auk Hings. Allir þessi menn eru hins vegar enn á lífi og gegna ýmsum störfum fyrir stjórn Pol Pots bæði innan og utan Kampútseu.

Til að bæta gráu ofan á svart má geta þess að Wilfred hitti einn hinna "dauðu", Chan Youran, á alþjóðlegir ráðstefnu skömmu eftir að greinin birtis.

Þessi maður er Hing Un. Samkvæmt grein Wilfreds Burchetts var hann tekinn af lífi af Pol Pot fyrir fáum árum. Hann var þó staddur í Osló í maíbyrjun.

LEIÐARI

Hvernig er þetta hægt ?

Fimmtudaginn 17. maí var samþykkt ályktun á fundi í "opnu húsi" í Starfsstúlknafélaginu Sókn. Í þeirri samþykkt er fyrst vakin athygli á því að vöruverð hækkar með hverjum deginum og að sk. hátekjumenn hrifsi til sín ómældar kauphækkanir. Síðan segir orðrétt:" Í stað þess að snúast gegn þessari óheillaþróun af festu og einurð, hafa stjórnvöld valið þann kost að ganga enn á kjör almenns launafólks, með skerðingu vísitöluákvæða gildandi samninga. Fundurinn skorar á stjórnvöld að gera nú þegar ráðstafanir til þess að hemja grunnkaupshækkanir hálaunastéttanna og setja þak á vísitölu. Jafnframt að tryggja almennu launafólki þau 3% sem opinberir starfsmenn hafa þegar fengið. Verði stjórnvöld ekki við þessum kröfum, á lágtekjufólk einskis annars úrkosta en knýja fram leiðréttingu sinna mála, með þeim aðferðum sem duga."

Hvernig er hægt í einni og sömu ályktuninni að krefjast þess að samningar séu haldnir og að heimta að þeir séu teknir úr gildi ? Í ályktuninni er það réttilega fordæmt að ríkisstjórnin gangi á gerða samninga en jafnframt er heimtað að ríkisstjórnin hemji grunnkaupshækkanir og vísitölubætur svokallaðra hátekjuhópa. Samkvæmt nýjustu útreikningum ríkisstjórnarinnar eru hátekjuhópar þeir sem hafa yfir 210-220 þúsund krónur á mánuði.

En láglaunafólkið í Sókn, sem vissulega er láglaunafólk, á samkvæmt þessari ályktun aðeins að fá grunnkaupshækkun upp á 3%. Ef þetta er ekki lítillæti þá er lítillæti ekki til.

Þessi ályktun er í samræmi við aðrar ályktanir sem komið hafa frá verkalýðsfélögum og verkalýðsfélagasamböndum í vetur. Sammerkt þeim öllum er áköf bón til ríkisstjórnarinnar um kjaraskerðingu.

Við getum minnst ályktunar stjórnar Alþýðusambands Austurlands frá í vetur þar sem beðið var um vísitöluþak á laun.

Tilgangur slíkra ályktana er sá einn að styðja við bakið á ríkisstjórninni í viðleitni hennar til að skerða kjör launafólks og bjarga með því gróða auðfyrirtækja. Oft er beinlínis um að ræða stuðning við aðildarflokka ríkisstjórnarinnar.

Það er kominn tími til að forystumenn og almennir launþegar átti sig betur á stöðu sinni. Markmið þessarar ríkisstjórnar er það sama og hinnar fyrrverandi en munurinn er sá að þessi nýtur stuðnings jábræðra sinna í forystu ýmissa stéttarfélaga.

Sú aðferð að reka fleyg milli hinna ýmsu hópa launþega hefur óspart verið notuð af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar.

Það er ekki mælt móti því hér að sumir hópar launþega hafa hærri tekjur en aðrir. En það er ekki aðalatriðið eins og málin standa, launajöfnun er ekki á dagskrá. Aðalatriðið er að sameinast gegn kjaraskerðingarherferð ríkisstjórnarinnar og krefjast samninga í gildi og mótmæla afskiptum ríkisstjórnarinnar af vinnudeilum.

Það verður að sameina allt baráttufúst launafólk gegn þessari stefnu ríkisstjórnarinnar.

Þessi barátta stendur ekki síður gegn jábræðrum ráðherranna innan forystusveita stéttarfélaganna.

Það er yfirlýst skoðun Alþýðusambands Íslands að laun séu ekki verðbólguvaldur. Þess vegna verðum við að mótmæla öllum tilraunum stjórnvalda til að fela kjaraskerðinguna bak við þá viðbáru að um baráttu gegn verðbólgu sé að ræða.

Ríkisstjórnin hefur dæmt sjálfa sig með gerðum sínum. Hún á ekki skilið traust launafólks í landinu.

Við getum dregið lærdóm af launamálastefnu ríkisstjórnarinnar og komið honum fyrir í þremur orðum. Það er sama einkunn og launþegar gáfu fyrrverandi kaupránsstjórn: Niður með ríkisstjórnina.

Verkefni launþega er síðan að efla baráttu fjöldans til að koma í veg fyrir að nokkur ríkisstjórn þori að fara út á braut kjaraskerðingar og samningssvika.

Varaforsætis ráðheri a Kína í heimsókn



Geng Biao

Nú um þessar mundir er Geng Biao varaforsætisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína staddur hér á Íslandi í opinberri heimssókn. Geng Biao og kona hans Zhao San-xiang komu til landsins 4. þessa mánaðar ásamt tuttugu manna fylgdarliði. Ólafur Jóhannesson forsætisráðherra og Benedikt Gröndal utanríkisráðherra tóku á móti varaforsætisráðherranum á Keflavíkurflugvelli.


Hingað kom Geng Biao frá Finnlandi, en áður hafði hann heimsótt Noreg og Svíþjóð.

Geng Biao er einn af þrettán varaforsætisráðherrum Kína, en auk þess á hann sæti í stjórnmálanefnd Kommúnistaflokks Kína og er því meðal fremstu áhrifamanna landsins.

Tilgangur ferðar hans til Norðurlanda er að auka samskipti Kína við Norðurlönd á öllum sviðum menningarmála, viðskipta, iðnaðar osfrv.

Hérlendis mun Geng Biao eiga viðræður við forsætisráðherra, utanríkisráðherra, viðskiptaráðherra, sjávarútvegsráðherra, iðnaðarráðherra og landbúnaðarráðherra. Auk þess munu varaforsætisráðherrahjónin sitja boð forseta Íslands á Bessastöðum, boð forsætisráðherrahjónanna á Hótel Sögu og boð borgarstjóra á Kjarvalsstöðum. Gestirnir munu heimsækja Þingvelli, málmblendiverksmiðjuna að Grundartanga og hið nýja frystihús Ísbjarnarins h/f.

Geng Biao og fylgdarlið mun halda heimleiðis þann 9. júní.



Kínverjar leggja nú mikla áherslu á að tæknivæða iðnaðinn.

Lesendur beðnir afsökunar

Af óviðráðanlegum ástæðum varð að fella niður blaðið sem átti að koma út í síðustu viku. Þess í stað er þetta blað tvöfalt, þ.e. 21. til 22. tölublað og er átta síður.

Áskrifendur og aðrir lesendur eru beðnir velvirðingar á þessu.

Ritnefnd Stéttabaráttunnar.



ALLT HÆKKAR-
NEMA KAUPIÐ

Enn dynja yfir verðhækkanir. Að þessu sinni hækkar kaffi í verði úr 620 krónum pakkinn í 670 krónur. Unnar fiskafurðir munu einnig hækka um að meðaltali 9%.

Símagjöld reykvíkinga munu einnig hækka á næstunni. Eins og menn vita er dýrara að hringja úti á landi en í Reykjavík. Til að ná jöfnuði á nú að hækka gjöld á reykvíkinga.

Hækkunin verður fólgin í því að í stað þess að símtöl séu eitt skref burtséð frá tímalengd eins og nú er munu hverjar þrjár mínútur verða eitt skref og allt sem fer framyfir það verður aukakostnaður. Á kvöldin, nóttunni og um helgar mega þó höfuðborgarbúar tala í sex mínútur án aukakostnaðar. Til að koma þessu í kring þarf að kaupa til landsins dýr tæki en ríkisstjórnin telur það ekki eftir sér ef hún getur í staðinn hækkað símagjöldin.

Á næstu dögum má búast við enn fleiri hækkunum á vöruverði og þjónustu eins og vani er þegar vísitala er nýreiknuð.

EN HÆKKANIR

Á ríkisstjórnarfundi fyrir síðustu helgi átti að ganga frá búvöruverðshækkun. Hækkunin verður frá 15-30%.

Ríkisstjórnin afgreiddi ekki málið en mun afgreiða það í þessari viku.

Póstburðargjöld hækkuðu einnig þann 1. júní að meðaltali um 20%.

Flugfargjöld hækkuðu einnig um mánaðamótin um 10%. Áður í vetur fengu Flugleiðir að hækka fargjöld innanlands um 20%. Það er greinilegt að barlómur eigenda Flugleiða hefur átt greiðan aðgang að eyrum ráðherranna. Meira að segja Þjóðviljinn er farinn að vorkenna Flugleiðum vegna tapsins á innanlandsfluginu.

Búast má við enn frekari hækkunum nú um mánaðamótin. Ástæða þess að hækkanir koma fram núna er að vísitöluhækkunin á laun er nýreiknuð og vísitölubætur verða ekki aftur greiddar fyrr en eftir þrjá mánuði. Þann tíma eiga launþegar að bera þessar hækkanir bótalaust.

NÝTT FÉLAG.

Á miðvikudaginn var héldu lausráðnir dagskrárgerðarmenn við Ríkisútvarpið fund til þess að stofna með sér félag. Auk þess að vera samningsaðili lausráðinna dagskrárgerðarmanna, hefur félagið á stefnuskrá sinni það markmið að efla félagstengsl milli hinna fjölmörgu sem starfa að dagskrárgerð við hljóðvarp og sjónvarp. Formaður félagsins var kosinn Óli H. Þórðarson.

Er Tæland næst ?



Flóttafólk. frá Kampútseu rekið heim aftur frá Tælandi.

Allt frá því innrás víetnama í Kampútseu hófst hefur leppstjórnin í Kampútseu sakað tælendinga um stuðning við Pol Pot og skæruliðana. Rússar og víetnamar hafa bergmálað þessar ásakanir.

Það getur engum dulist að hér er um að ræða dulbúna hótun um innrás í landið.

Enda hefur komið á daginn að víetnamar hafa nokkrum sinnum skotið á þorp í Tælandi og víetnamskir hermenn hafa farið yfir landamærin.

Her Tælands, sem nú er í viðbragðsstöðu vegna ógnunar víetnama, hefur meðal annars handtekið nokkra víetnamska hermenn sem farið hafa yfir landamærin.

Pol Pot er í Kampútseu



Pol Pot

Pol Pot fyrrum forsætisráðherra Kampútseu er staddur í Kampútseu. Vestrænir fréttamenn hafa löngum bollalagt um afdrif hans. Fréttir hafa borist um flótta hans og fall.

Í útvarpsræðu hvatti hann alla þjóðholla íbúa landsins til að efla baráttuna gegn víetnamska innrásarhernum í landinu. Að sögn útvarpsins er mannfall víetnama orðið mjög mikið og erfiðleikar þeirra eru vaxandi þótt þeir sýnist hafa yfirhöndina.

Ávarp Pol Pots kom í kjölfar tveggja daga ráðstefnu æðstu manna stjónrar Pol Pots og skæruliðanna. Ráðstefnan var haldin um miðjan maí einhvers staðar í Kampútseu. Khieu Samphan forseti í stjórn Pol Pots var auk annarra viðstaddur.

Rússnesk herskip í Líbýu

Haft er eftir hæstráðanda í Líbýu, Gaddafi, að rússar muni hugsanlega fá afnot af líbýskum höfnum fyrir flota sinn. Hann bætti við að það stöðvar sínar í landinu. Enginn erlendur floti hefur síðan haft bækistöðvar þar.

Gaddafi sagði að líbýumenn ættu í erfiðleikum með að viðhalda hlutleysi sínu vegna óvinsamlegrar stefnu Bandaríkjanna gegnvart þeim og mundu ef til vill neyðast til að veita rússneska flotanum hafnaraðstöðu.

Með orðunum óvinsamlegri stefnu er sjálfsagt átt við friðarsamninga egypta og ísraelsværi meðal annars vegna óvinsamlegra athafna bandaríkjamanna undanfarið.

Eftir að hann komst til valda 1969 voru bandaríkjamenn neyddir til að yfirgefa flotamanna og afskipti Bandaríkjanna af þeim málum.



Þessi mynd er birt í tilefni af umræðum á bandaríkjaþingi um það hvort afnema eigi verslunarhöftin á Ródesíu vegna "meirihlutastjórnar" blökkumanna þar. Hún skýrir sig sjálf.

Verkfall í Frakklandi

Leiðtogar stáliðnaðarmanna í Longway í Frakklandi lýstu yfir verkfalli 18. maí eftir að 10 verkamenn slösuðust í átökum við lögreglu.

Átökin voru framhald af baráttu stáliðnaðarmanna í bænum Longway og víðar gegn áformum ríkisstjórnarinnar um mikla fækkun verkamanna í frönskum stáliðnaði.

Átökin urðu við sjónvarpsstöð í bænum þegar verkamenn kröfðust þess að hætt yrði að trufla útsendingar "sjóræningjastöðvar" verkalýðsfélaganna.

Longway er í Lorraine héraði en þar verður mest fækkun verkamanna ef áform stjórnvalda ná fram að ganga. Um 21 þúsund verkamenn munu þá missa vinnuna.



Andrúmsloftið var mettað táragasi lögreglunnar. Frá átökunum 18. maí í Longway.

Hneykslið í Suður-Afríku

Menn muna hneykslið sem varð í stjórn Suður-Afríku og olli afsögn ráðherra. Um var að ræða fjármálahneyksli af stærri gráðu en íslendingar þekkja en þykir þó nóg um.

Líkur bentu til þess að þetta væri aðeins toppur ísjakans og nýlega var til dæmis skrifað í blöð þar að þjóðernissinnaflokkur Vorsters, stærsti stjórnmálaflokkur landsins, hefði látið ríkiskassann standa undir áróðursherferð innan og utan lands til að afla kynþáttaaðskilnaðarstefnu flokksins fylgis.

Þrátt fyrir að flokkurinn hafi 145 af 165 þingsætum hræðast forsvarsmenn hans að hneyksli á borð við þau sem upp hefur komist um kunni að reynast dýrkeypt fyrir valdaaðstöðu hans.

En þessir herrar hafa ráð undir rifi hverju. Þeir hafa einfaldlega samið lög, sem þeir fá örugglega samþykkt í þinginu í krafti meirihluta síns þar. Lögin kveða á um að blöðum sé bannað að skrifa um hverskyns hneykslismál hverju nafni sem þau nefnist fyrr en dómstólar hafi komist að niðurstöðu og dæmt í málinu. Það þarf varla að taka það fram að það voru einmitt blöðin sem afhjúpuðu hneykslismálið sem frá var greint hér að ofan.

Viðurlögin eru fangelsi allt að fimm árum eða sex þúsund dollara sekt.

'Oánægja í Póllandi

Nefnd fyrir þjóðfélagslega sjálfsvörn í Póllandi gaf nýlega út ávarp þar sem stjórnvöld eru hvött til að leiða þjóðina í sannleikann um efnahagsástand landsins.

"Við verðum að neyða flokkinn og ríkisstjórnina til að skýra hið efnahagslega og pólitíska ástand ....." segir í ávarpinu frá nefndinni. Þar segir ennfremur:"Við verðum í samræmi við ábyrgðartilfinningu okkar að lýsa yfir þeirri skoðun okkar að ástandið sé vafasamt...."

Nefndin segir líka að opinberar stofnanir sem túlki vilja almennings væru "lygasaga" og hvatti til skipulagningar sjálfsvarnarsveita á sama grundvelli og sjálfsvarnarsveitir bænda, verkamanna og námsmanna og frjálsra verkalýðsfélaga sem nú eru starfandi í landinu.

Hvað eru laun?

Eðli launa.

Við skilyrði kapitalisma er vinnuaflið vara með skiptagildi og notagildi. Gildi þessarar vöru, vinnuaflsins, mælt í peningum er verð hennar. Gildi og verð vinnuaflsins birtist þannig í launatekjum. Sú peningaupphæð sem verkamaðurinn þiggur sem laun virðist því vera gildi eða verð vinnunnar. Form launa skapar þá blekkingu að kapitalistinn sé að borga fyrir þá vinnu sem verkamaðurinn lagði fram.

Þegar Marx afhjúpaði eðli kapitalísks arðráns gaf hann fyrstu vísindalegu skilgreininguna á launum. Hann kallaði þau "brenglað form gildis eða verðs á vinnuafli", vegna þess að þau virðast vera greiðsla fyrir framkvæmda vinnu, þ.e. vinnu verkamannsins. Nokkrar ástæður eru fyrir þessu:
1) Eðli framleiðsluafstæðnanna í kapitalismanum og sérstök einkenni kapitalísks arðráns. Í kapitalisma er skipting vinnudagsins í nauðsynlegan og umfram vinnutíma dulin af tengslum kaupa og sölu á vinnuafli.
2) Form og tímabil greiðslu fyrir vinnuafl. Verkamaðurinn fær ekki laun sín fyrr en hann hefur lokið vinnu, þannig að þau virðast vera greiðsla fyrir vinnudaginn. Í raun og veru vinnur verkamaðurinn í þágu kapitalistans áður en hann fær laun sín; 3) Breyting á lengd vinnudagsins hefur í för með sér breytingu á upphæð launa.

Laun eru greidd fyrir þann tíma sem hefur verið unninn eða fyrir framleidda hluti. Vegna þessa hylja þau arðrán kapitalista á verkalýðnum.

Marx varð fyrstur til að setja fram muninn á vinnu og vinnuafli og sýna fram á að það er ekki vinnan sem er vara heldur vinnuaflið. Vegna hvers er vinnan ekki vara?
1) Vinnan skapar gildi eða verðmæti en hefur sjálf ekkert gildi. Við vitum að gildi er vinna, eins og hún birtist í vörunum; ef vinnan sjálf hefði gildi þá myndi það leiða til þess að við yrðum að segja að vinnan skapaði vinnu.
2) Ef kapitalistinn greiddi að fullu fyrir vinnu verkamannsins yrði enginn gildisauki til og þá væri hinn kapitalíski framleiðsluháttur dauðadæmdur.
3) Þegar kapitalistinn ræður verkamenn er vinnan ekki til ennþá, þannig að hann er ekki að kaupa vinnu, heldur getuna til vinnu, þ.e. vinnuafl.
Vinnan er framleiðsluathöfn og notkun vinnuafls í framleiðslu. Þannig hefur verkamaðurinn þegar selt vinnuafl sitt en vinna hans og afurð hennar tilheyra þegar kapitalistanum en ekki verkamanninum.

Í framleiðsluferlinu skapar verkamaðurinn gildi sem er hærra en gildi vinnuafls hans. Þar af leiðandi eru launin hluti af hinu nýskapaða gildi þó að þau virðist vera greiðsla fyrir vinnuna. Marx sagði: "Launin eru ekki það sem þau virðast vera, nefnilega gildi eða verð vinnunnar heldur aðeins grímuklætt form gildis eða verðs á vinnuaflinu."


Nafntekjur og rauntekjur.

Upphæð launa er grundvallarmælikvarði á lifnaðarhætti verkalýðsins. Gera verður greinarmun á nafntekjum og rauntekjum. Nafntekjur er sú peningaupphæð sem verkamaðurinn fær fyrir sölu á vinnuafli sínu. Rauntekjur er það magn vöru og þjónustu sem hann getur keypt fyrir launatekjur sínar. Stig rauntekna ákvarðast í fyrsta lagi af upphæð nafntekna og í öðru lagi af verði vöru og þjónustu sem verkamaðurinn þarfnast.

Breyting á nafntekjum hefur þó ekki í för með sér breytingu á rauntekjum.

Rauntekjur í kapitalisma hafa tilhneigingu til að lækka þegar litið er yfir langt tímabil. Marx sagði: "Almenn tilhneiging kapitalískrar framleiðslu er ekki að hækka heldur lækka meðalstig launa." Þessa tilhneigingu má þó ekki skilja sem svo að hér sé um að ræða algera lækkun á lífsviðurværi verkamanna. Stig rauntekna ákvarðast af mörgum þáttum sem eru oft í mótsögn hver við annann. Það tengist beinlínis breytingum á gildi vinnuafls, vexti atvinnuleysis og aukinni áreynslu við vinnuna, aukningu á notkun ódýrara vinnuafls t.d. kvenna osfrv. Hreyfingu á launum er því aðeins hægt að skilja út frá upphleðsluferli auðmagnsins. Launastig er mismunandi eftir mismunandi auðvaldsríkjum vegna munar á gildi vinnuafls. Marx benti á að þegar meta ætti ástæður fyrir mismun á launum yrði að taka með alla þætti sem orsökuðu breytingar á gildi vinnuafls. Laun eru sérstaklega lág í þróunarlöndum, sem er afleiðing nýlendustefnunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Sameinuðu Þjóðunum eru laun afrísks verkamanns ekki nema einn tíundi hluti af launum V-evrópsks verkamanns.





Gagnrýni á borgaralegar launakenningar.

Borgaraleg hagfræði hefur umfram allt reynt að afneita launakenningu marxismans-lenínismans. Verjendur kapitalismans hafa "fundið upp" margar launakenningar sem miða að því að leyna eðli kapitalísks arðráns. Nær allir borgaralegir hagfræðingar og félagsfræðingar eru á þeirri skoðun að verkamaður selji ekki vinnuafl sitt heldur vinnu sína og fái greiðslu fyrir vinnu sína eða "fulla afurð vinnu sinnar".

Í byrjun þessarar aldar kom rússinn M.I. Tugan-Baranovsky fram með hina "félagslegu " launakenningu. Hann sagði að vinnuafl væri ekki vara og hefði þess vegna ekki gildi og ekkert verð, heldur væru laun hluti af þjóðarframleiðslunni. Launastig ákvarðaðist samkvæmt honum af tveim ástæðum - a) af framleiðni þjóðfélagslegrar vinnu sem skapar þjóðarframleiðsluna, og b) af þjóðfélagsstyrk verkalýðsins en á honum byggðist hlutdeild verkalýðsins í þjóðarframleiðslunni.

Félagslega launakenningin og ýms afbrigði hennar eins og "kökukenningin" margnefnda eru enn mikið notaðar af borgaralegum hugmyndafræðingum. Til dæmis hélt John Strachey því fram, í bók sinni Nútíma Kapitalismi, að verkalýðurinn gæti notað sér aukna vinnuframleiðni við nútímaaðstæður kapitalismans til að bæta lífsskilyrði sín og að skipting auðs milli mismunandi stétta eigi sér stað í þágu þjóðfélagsins alls.

Stuðningsmenn hinnar félagslegu launakenningar segja að hækkun launa sé háð aukinni vinnuframleiðni. Í raun og veru leiðir aukin framleiðni vinnunnar í kapitalisma til þess að gildi vinnuaflsins lækkar og samsvarandi hækkunar gildisaukans. Efnahagsleg barátta verkalýðsins getur í hæsta lagi fært laun eitthvað nær gildi vinnuafls.

Önnur algeng borgaraleg launakenning er kenningin um "stjórnuð" laun. Aðalfrumkvöðull hennar var J. M. Keynes. Samkvæmt kenningu hans eru ríkið og verkalýðsfélögin ákvarðandi um stjórnun launa. Ríkið með vinnulöggjöf og verkalýðsfélög með samningum við vinnuveitendur, ákvarða launastig.

Keynes áleit það nauðsynlegt að fylgja þeirri stefnu að lækka rauntekjur, að því er virðist til að berjast gegn atvinnuleysi og sagði að minnkandi atvinnuleysi yrði ekki nema til kæmi lækkun rauntekna. Hann reyndi að réttlæta tillögur sínar með því að segja að laun ákvörðuðust af lægstu framleiðni. Samkvæmt skoðun hans væri hættulegt að lækka nafntekjur því að það myndi vekja andstöðu hluta verkalýðsins. Hann mælti þess vegna með því, að borgaralega ríkið ætti að "frysta" nafntekjur og lækka rauntekjur með verðbólgu.

Kenningin um stjórnuð laun afneitar hlutlægum efnahagslögmálum sem ákvarða laun í kapitalisma. Þetta er fölsk kenning og heldur fram stéttasamvinnu verkalýðs og kapitalista og sameiginlegum hagsmunum auðmagns og launavinnu. Markmið hennar er að beina verkalýðnum frá byltingarsinnaðri baráttu.

Nútíma borgaralegir hagfræðingar og hægri-kratar fóru að halda fram kenningunni um "verðbólguþróun launa og verðlags" í tilraunum sínum til að réttlæta "launafrystingu". Innihald þessarar kenningar er það að launahækkun leiði óhjákvæmilega til hækkaðs verðlags á vörum og þjónustu. Hækkað verðlag leiðir svo aftur til hækkaðra launa o.s.f. Verjendur nútíma kapitalisma reyna að sannfæra verkafólk um að það sé þýðingarlaust að berjast fyrir hærri launum. Í raun og veru er verðlag ekki tengt launahækkunum, heldur þeim hækkunum verðlags sem einokunarfyrirtækin koma á og verðbólgustefnu borgaralegra ríkja í þágu arðránsstéttanna.

Barátta verkalýðsins fyrir hærri launum.

Samfara þróun kapitalismans vex verkalýðurinn að tölu, bætir skipulagningu sína og eykur baráttu fyrir hærri launum og betri vinnuskilyrðum.

Í þessari baráttu sameinast verkafólk í verkalýðsfélögum. Efnahagsleg barátta getur samt sem áður ekki leyst grundvallarvandamál verkalýðsins. Marx benti á, að í efnahagslegri baráttu sinni mætir verkalýðurinn aðeins afleiðingum vandamálanna en ekki orsökum þessara afleiðinga. Þrátt fyrir takmarkaða möguleika efnahagslegrar baráttu afneitar marxisminn-lenínisminn ekki mikilvægi hennar fyrir verkalýðinn.

Efnahagslega baráttan er umfram allt skóli í stéttabaráttu fyrir verkalýðsfjöldann.

Marxisminn-lenínisminn kennir að pólitísk barátta verkalýðsins, sem miðar að því að kollvarpa auðvaldskerfinu sé aðalatriðið. Rétt sameining efnahagslegrar og pólitískrar baráttu er mikilvægasta skilyrðið til að ná þessu markmiði.

Við nútíma aðstæður notar einokunarborgarastéttin borgaralega ríkið til að ráðast á byltingarhreyfingu öreiganna. Óstöðugleiki kapitalísks efnahagslífs, dýpkun gjaldeyris-, orku-, hráefna- og annara kreppa og aukið atvinnuleysi leiða til þess að fjármálafáveldið reynir í æ ríkara mæli að koma byrðum efnahsgörðugleika yfir á herðar verkalýðsins.

Í nokkrum kapitaliskum ríkjum hafa lög gengið í gildi sem banna verkföll og mótmælaaðgerðir, takmarka rétt verkalýðsfélaga og beinast að öðru leyti gegn verkalýðnum. Við þessar aðstæður verður vandamál verkalýðsbaráttunnar fyrir pólitískum réttindum sérstaklega mikilvægt.



Hin nýju lög um húsaleigu

Hin nýju lög um húsaleigusamninga sem samþykkt voru á Alþingi 9. maí s.l. eru tvímælalaust stórt skref fram á við til aukinna réttinda leigjenda, en sá hópur fólks hefur ekki haft spurnir af slíku fyrirbrigði undanfarin ár. Stéttabaráttan birtir hér glefsur úr þessum lögum. Lögin skiptast í 16 kafla og innihalda 72 greinar. Að sjálfsögðu hefur ekki náðst allt fram, sem Leigjendasamtökin lögðu áherslu á, en þó hafa flest veigamestu málin náðst fram. Næst er að tryggja að eftir þessum lögum verði farið. Þeir sem hafa hingað til troðið á leigjendum sínum eins og skít, munu vafalaust reyna að smokra sér framhjá lögum þessum. Það er því nauðsynlegt að leigjendur kynni sér vel efni laganna og taki þátt í starfi Leigjendasamtakanna við að koma í veg fyrir brot á lögum þessum.

1978—79 (100. löggjafarþing) — 177. mál.

Ed. **699. Frumvarp til laga**

um húsaleigusamninga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. maí.)

I. KAFLI

Gildissvið laganna o. fl.

1. gr.

Lög þessi gilda um samninga sem fjalla um afnot af húsi eða hluta af húsi gegn endurgjaldi. Lögin gilda enn fremur um afnot húsnæðis samkvæmt vinnusamningi eða viðauka við slíkan samning.

Fjalli samningur ennfremur um land, sem nýta á í tengslum við afnot af húsnæði, skal fara um slíka samninga skv. lögum þessum, nema um afnot lands til landbúnaðar sé að ræða.

Með íbúðarhúsnæði er í lögum þessum átt við húsnæði sem látið er í té til afnota að öllu eða verulegu leyti til íbúðar.

Lög þessi gilda ekki um samninga hótela, gistihúsa og sambærilegra aðila við gesti sína. Sama gildir um orlofsheimili sem leigð eru til skamms tíma.

2. gr.

Ákvæði í leigumála, sem fer í bága við ákvæði laga þessara, verður ekki beitt gegn leigutaka eða þeim sem hefur rétt til að koma í hans stað, nema annars sé sérstaklega getið.

3. gr.

Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.

II. KAFLI

Gerð leigumála.

4. gr.

Leigumála um húsnæði skal gera skriflegan.

Félagsmálaráðuneytið skal láta gera sérstök eyðublöð fyrir leigumála um íbúðarhúsnæði. Eyðublöðin skulu liggja frammi, almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga, hjá samtökum leigutaka og leigusala, og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

Ráðuneytið getur ákveðið hæfilegt endurgjald fyrir eyðublöðin sem dreifingaraðila er skylt að innheimta.

5. gr.

Heimilt er félagsmálaráðuneyti að staðfesta til almennra nota eyðublöð samkv. 4. gr., sem samtök leigutaka eða leigusala kunna að láta gera, enda sé á þau skráð um staðfestingu ráðuneytisins. Sama á við um eyðublöð sem gerð eru á vegum Fasteignamats ríkisins og Húsnæðismálastofnunar ríkisins.

6. gr.

Allar breytingar á leigumála eða viðbætur við hann, sem heimilar eru samkvæmt lögum þessum, skulu gerðar skriflegar og skráðar á leigumálann sjálfan.

7. gr.

Leigumála má ýmist gera til ákveðins tíma eða ótímabundna.

Sé leigumáli tímabundinn lýkur honum án sérstakrar uppsagnar en senda skal leigusali tilkynningu til leigutaka samkv. 16. gr.

Um ótímabundna leigusamninga gilda hins vegar ákvæði 13. gr. um uppsagnarfrest og auk þess ákvæði 15. gr. um fardaga ef hið leigða er íbúðarhúsnæði.

8. gr.

Leigutaki íbúðarhúsnæðis samkvæmt tímabundnum leigusamningi skal að leigutíma loknum hafa forleigurétt að hinu leigða. Leigumálinn framlengist þá í jafnlangan tíma og hinn upphaflegi samningur gilti, en þó ekki lengur en í eitt ár hverju sinni. Leigusali getur þó valið milli þess hvort gerður skuli nýr tímabundinn samningur eða hinn tímabundni samningur breytist í ótímabundinn samning, sem lýtur almennum reglum laga þessara m. a. um uppsögn. Skilmálar framlengds leigumála skulu vera hinir sömu og í upphaflegum leigumála að öðru leyti, m. a. um fjárhæð húsaleigu, nema að því leyti sem leiðir af leyfilegum breytingum á húsaleigunni samkvæmt samningi aðila eða lögum. Hafi tímabundinn samningur verið gerður samkvæmt þessari grein og hann endurnýjaður að ósk leigusala tvisvar í röð eða oftar án verulegrar breytingar, hefur leigutaki rétt til ótímabundins samnings, nema sérstakar ástæður mæli því í mót.

Líta skal á upphaflega umsaminn leigutíma og framlengingu hans skv. forleigurétti sem samfelldan leigutíma og meta réttindi og skyldur leigusala og leigutaka eftir því m. a. að því er lýtur að fyrirframgreiðslu skv. 2. mgr. 51. gr.

Forleigurétturinn fellur niður ef leigusali lætur íbúðarhúsnæðið í té til afnota til a. m. k. eins árs skyldmenni í beina línu, kjörbörnum eða fósturbörnum og systkinum sínum og börnum þeirra eða tengdaforeldrum eða tekur íbúðarhúsnæðið til afnota fyrir sjálfan sig.

Forleiguréttur leigutaka skv. 1. mgr. gildir ekki, ef hið leigða íbúðarhúsnæði er í sama húsi og leigusali býr í sjálfur.

9. gr.

Í leigumála skal m. a. geta eftirtalinna atriða:

A. Hvort úttekt á hinu leigða skuli fara fram við afhendingu skv. 33. gr.
B. Hvort leigutaki skuli leggja fram tryggingarfé og með hvaða hætti og hvar það skuli varðveitt.
C. Hvernig greiða skuli leiguna.
D. Forleiguréttar skv. 8. gr. ef um tímabundinn leigumála er að ræða.
E. Hvort samið er um lágmarks leigutíma ef um ótímabundinn leigumála er að ræða.
F. Fjárhæðar húsaleigu svo ekki verði um villst.

10. gr.

Ef aðilar hafa vanrækt að gera skriflegan leigumála eða notað óstaðfest eyðublöð við gerð hans, gilda öll ákvæði laga þessara um réttarsamband þeirra. Upphæð leigunnar ákveðst þá sú fjárhæð sem leigusali getur sýnt fram á að leigutaki hafi samþykkt. Komi engin sönnunargögn fram um leigufjárhæðina er rétt að kveðja til úttektarmenn, sbr. XI. kafla laga þessara, til þess að ákveða sanngjarna fjárhæð leigunnar.

11. gr.

Ákvæði í leigumála má meta ógild ef þau myndu leiða til niðurstöðu sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildir ef ákvæði í leigumála brýtur í bága við góðar venjur í húsaleigumálum.

16. gr.

Nú er leigumáli tímabundinn og skal leigusali þá eigi síðar en einum mánuði og lengst þrem mánuðum áður en leigutíminn er útrunninn senda leigutaka skriflega tilkynningu um að hann hyggist ekki framlengja leigumálann. Ella telst hafa stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

Vilji leigutaki nota forleigurétt sinn að íbúðarhúsnæði skv. 8. gr. skal hann senda leigusala skriflega tilkynningu um það eigi síðar en innan 10 daga frá því að honum barst tilkynning skv. 1. mgr.

Telji leigusali, að leigutaki hafi ekki forleigurétt af þeim ástæðum, sem greinir í 8. gr. 3. mgr., skal hann innan 10 daga gera leigutaka skriflega grein fyrir því á hvern hátt hann hyggst ráðstafa hinu leigða. Að öðrum kosti stofnast til ótímabundins leigumála með aðilum um hið leigða húsnæði.

V. KAFLI

Afhending og skil leiguhúsnæðis.

24. gr.

Leiguhúsnæði skal, er það er afhent leigutaka, vera í því ástandi sem almennt er talið fullnægjandi miðað við fyrirhugaða notkun þess og staðsetningu.

25. gr.

Spillist leiguhúsnæði fyrir upphaf leigutíma þannig, að það verði óhæft til fyrirhugaðra nota, fellur leigusamningurinn úr gildi.

Leigutaki á þá ekki rétt til bóta nema spjöllin séu sök leigusala sjálfs eða hann vanræki að gera leigutaka viðvart um þau.

26. gr.

Nú kemur í ljós að hið leigða húsnæði er ekki í því ástandi sem leigumáli greinir eða leigutaki hlaut að mega gera ráð fyrir og skal leigutaki þá innan 14 daga frá afhendingu gera leigusala skriflega grein fyrir aðfinnslum sínum og segja til hverra úrbóta er krafist. Ella telst leigutaki una húsnæðinu.

Leigutaki skal segja til galla, sem síðar koma fram á húsnæðinu og voru ekki sýnilegir við venjulega athugun, innan 14 daga frá því hann varð þeirra var.

27. gr.

Geri leigusali ekki innan hæfilegs frests ráðstafanir til að bæta úr annmörkum á húsnæðinu er leigutaka heimilt að ráða bót á þeim og draga frá leigunni þann kostnað, sem af því hlýst, enda hafi hann fyrst aflað samþykkis úttektarmanns, sbr. XI. kafla.

Hafi leigusali ekki sinnt réttmætri kröfu leigutaka um úrbætur innan þriggja mánaða frá því hún barst honum og leigutaki ekki neytt réttar síns samkv. 1. mgr. er leigutaka heimilt að rifta leigumálanum, enda sé um verulega annmarka að tefla, miðað við fyrirhuguð not leigutaka af húsnæðinu. Leigutaki á kröfu til hlutfallslegrar lækkunar á leigu meðan eigi hefur verið bætt úr annmörkum á hinu leigða húsnæði.

Lækkun leigunnar metur úttektarmaður, en rétt er þó aðilum að bera ákvörðun hans undir dómkvadda matsmenn, enda hafi verið beðið um dómkvaðningu þeirra innan mánaðar frá því að niðurstaða úttektarmanns var aðilum kunn.

28. gr.

Að leigutíma loknum skal leigutaki skila húsnæðinu í hendur leigusala ásamt tilheyrandi fylgifé í sama ástandi og hann tók við því. Ber leigutaki óskerta bótaábyrgð á allri rýrnun húsnæðisins eða spjöllum á því að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsaminnar notkunar húsnæðisins eða stafar af atvikum, sem voru leigutaka sannanlega óviðkomandi.

29. gr.

Bótakröfu sinni á hendur leigutaka verður leigusali að lýsa skriflega innan 14 daga frá skilum húsnæðisins.

Hafi slíkir ágallar ekki verið sýnilegir við skil húsnæðisins skal þeim lýst með sama hætti innan 14 daga frá því að þeirra varð vart.

Sé þessara tímamarka ekki gætt fellur bótaréttur leigusala niður nema leigutaki hafi haft svik í frammi.

30. gr.

Leigutaka er heimilt að flytja á brott með sér fastar innréttingar og annað þess háttar fylgifé, sem hann hefur sjálfur kostað til húsnæðisins, enda komi hann því aftur í upprunalegt ástand.

31. gr.

Hafi leigutaki skipt um læsingar í húsnæðinu ber honum að skila leigusala öllum lyklum að þeim án sérstaks endurgjalds.

32. gr.

Hafi leigumála verið þinglýst ber leigutaka að annast aflýsingu hans.

33. gr.

Skylt er aðilum leigumála að láta fara fram úttekt á hinu leigða húsnæði við afhendingu ef annar aðilinn krefst þess.

Úttektina framkvæmir löggiltur úttektarmaður að viðstöddum leigusala og leigutaka eða umboðsmönnum þeirra. Á sérstaka úttektaryfirlýsingu, sem úttektarmaður leggur til, skal skrá sem ítarlegasta lýsingu á hinu leigða húsnæði og ástandi þess og getur leigutaki þá strax komið að aðfinnslum sínum og óskað úrbóta.

Á úttektaryfirlýsingu skal staðgreina nákvæmlega hið leigða húsnæði, geta fylgifjár, dagsetningar leigumála og aðila hans.

34. gr.

Úttektaryfirlýsing skal gerð í þríriti og skulu aðilar leigumála og úttektarmaður undirrita hana og halda einu eintaki hver. Úttekt skal leggja til grundvallar ef ágreiningur verður um bótaskyldu leigutaka við skil húsnæðisins.

Aðilar skulu láta úttektarmanni í té afrit leigumála, sem hann varðveitir með úttektaryfirlýsingunni.

35. gr.

Nú koma leigusali og leigutaki sér ekki saman um bótafjárhæð vegna skemmda á hinu leigða húsnæði og skal úttektarmaður þá meta tjónið. Rétt er þó hvorum aðila að krefjast mats dómkvaddra manna á bótafjárhæðinni, innan mánaðar frá því að aðila var kunn niðurstaða úttektarmanns.

Framhald á síðu 6

Framhald af síðu 5

Hin nýju lög um húsaleigu

VI. KAFLI
Viðhald leiguhúsnæðis.

36. gr.

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða húsnæði og í samræmi við umsamin afnot þess.

Verði hið leigða húsnæði eða fylgifé þess fyrir tjóni af völdum leigutaka, heimilismanna eða annarra manna, sem hann hefur leyft afnot af húsnæðinu eða umgang um það, skal leigutaki gera ráðstafanir til að bæta úr tjóninu innan hæfilegs frests.

Efni leigutaki ekki skyldur sínar skv. 2. mgr. innan hæfilegs frests er leigusala heimilt að tilkynna honum, að hann muni láta fara fram viðgerð á tjóninu að liðnum 21 degi frá afhendingu tilkynningar á kostnað leigutaka. Hafi leigutaki ekki hafist handa um viðgerð á greindum fresti og ljúki henni ekki með hæfilegum hraða er leigusala heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigutaka, enda leiti hann áður álits úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis fyrir kostnaðinum að verki loknu.

Skylt er leigutaka í tilvikum þeim, sem fjallað er um í 3. mgr., að sæta umgangi viðgerðarmanna án nokkurs réttar til frádráttar í leigugjaldi, enda þótt afnot hans takmarkist um tíma vegna viðgerðarinnar.

37. gr.

Leigutaka er skylt að annast á sinn kostnað viðhald á rúðum, læsingum, vatnskrönum, raftenglum, rafmagnsinnstungum, raftækjum og hreinlætistækjum. Leigusali er þó skyldur að annast viðgerðir á rúðum, svo og raftækjum og hreinlætistækjum, sem fylgja húsnæðinu, ef leigutaki sýnir fram á, að rúðubrot eða bilun slíkra tækja verður ekki rakin til vanrækslu eða yfirsjóna hans eða fólks á hans vegum.

Tjón á hinu leigða, sem er bótaskylt samkvæmt skilmálum venjulegrar húseigendatryggingar, skal leigusali þó ætíð bera.

38. gr.

Leigusala er skylt að annast á sinn kostnað allt annað viðhald hins leigða en að framan greinir, utan húss sem innan.

Hann skal jafnan halda hinu leigða húsnæði í leigufæru ástandi, m. a. með því að láta mála húsnæðið og endurnýja gólfdúka þess, teppi eða annað slitlag með hæfilegu millibili eftir því sem góðar venjur um viðhald húsnæðis segja til um.

39. gr.

Telji leigutaki viðhaldi af hálfu leigusala ábótavant skal leigutaki skora skriflega á leigusala að bæta úr og gera grein fyrir því, sem hann telur að úrbóta þarfnist.

Sinni leigusali ekki kröfum leigutaka um úrbætur án ástæðulauss dráttar er leigutaka heimilt að láta framkvæma viðgerðina á kostnað leigusala og draga kostnaðinn frá leigugreiðslum eða krefja leigusala um kostnaðinn sérstaklega. Leigutaka ber þó, áður en vinna hefst, að leita álits úttektarmanns á nauðsyn hennar og samþykkis hans fyrir kostnaðinum að verki loknu.

40. gr.

Viðgerðar- og viðhaldsvinnu alla skal leigusali láta vinna fljótt og vel, svo að sem minnstri röskun valdi fyrir leigutaka.

Leiði viðgerðar- eða viðhaldsvinna á vegum leigusala til verulegra skertra afnota leigutaka af hinu leigða á hann rétt til hlutfallslegs afsláttar á leigugjaldi. Verði aðilar ekki ásáttir um afsláttinn skal úttektarmaður meta hann.

41. gr.

Heimilt er að víkja frá ákvæðum kafla þessa í leigumálum um annað húsnæði en til íbúðar.

VII. KAFLI
Um greiðslu reksturskostnaðar.

42. gr.

Reksturskostnaði af leigðu húsnæði skal þannig skipt að leigutaki greiðir fyrir notkun vatns, rafmagns og hitunarkostnað, en leigusali greiðir öll fasteignagjöld, þ. m. t. fasteignaskatt og tryggingariðgjöld.

Í fjölbýlishúsum skal leigutaki enn fremur greiða allan kostnað vegna hitunar, lýsingar og vatnsnotkunar í sameign svo og kostnað við ræstingu og aðra sameiginlega umhirðu hennar. Leigusali skal greiða tillag til sameiginlegs viðhalds eða endurbóta á lóð eða húseign og kostnað við hússtjórn.

Þar sem veitustofnanir innheimta sérstakt gjald fyrir leigu á mælum eða öðrum slíkum búnaði, sem þær leggja til, skal leigutaki greiða það gjald. Leigusali skal greiða fastagjöld eða árgjöld slíkra stofnana, sem reiknast af matsverði húsnæðis, rúmfangi þess eða öðrum slíkum gjaldstofnum, án beinna tengsla við vatns- eða orkukaup.

Heimilt er að víkja frá þessari skiptingu, ef hið leigða er ekki íbúðarhúsnæði eða ef leigumáli um íbúðarhúsnæði er gerður til lengri tíma en tveggja ára, enda séu slík frávik skilmerkilega greind í leigumála.

43. gr.

Þegar þjónusta sú, sem leigutaki skal greiða, er seld sameiginlega til fleiri aðila skal kostnaði skipt í samræmi við ákvæði laga eða samninga um skiptingu afnotaréttar, þar sem hann er sameiginlegur, en ella samkvæmt hlutfallstölum í skiptayfirlýsingu. Hafi slík yfirlýsing ekki verið gerð skal kostnaði skipt eftir eignarhluta íbúða í samræmi við ákvæði reglugerðar nr 281/1976 um ákvörðun eignarhluta í fjölbýlishúsum.

44. gr.

Leggi leigusali út rekstursgjöld þau sem leigutaki skal greiða samkvæmt 42. gr. falla þau í gjalddaga á næsta greiðsludegi húsaleigu.

45. gr.

Þegar ráðist er í að tengja leiguhúsnæði við hitaveitu eða fjarvarmaveitu eða í aðrar endurbætur á húsnæðinu sem lækka reksturskostnað þess fyrir leigutaka, er leigusala heimilt að hækka umsamda eða lögbundna húsaleigu um allt að helming þeirrar upphæðar er nemur sparnaði leigutaka í rekstrarskostnaði af völdum slíkrar breytingar.

Hafi leigusali fengið beinan, útlagðan kostnað sinn af endurbótum skv. 1. mgr. endurgreiddan, skal lækkun reksturskostnaðarins eftir það koma báðum aðilum til góða að jöfnu til loka leigutímans.

IX. KAFLI
Greiðsla húsaleigu. Tryggingarfé.

51. gr.

Húsaleigu skal greiða fyrirfram mánaðarlega, nema um annað sé samið. Óheimilt er að krefja um leigugreiðslu fyrirfram til lengri tíma en sem svarar fjórðungi umsamins leigutíma.

Leigutaki verður eigi krafinn um leigugreiðslur fyrirfram síðar á leigutímanum til lengri tíma en þriggja mánaða í senn.

Nú hefur leigutaki greitt tryggingarfé samkvæmt 55. gr. og verður hann þá eigi jafnframt krafinn um leigu fyrirfram til lengri tíma en eins mánaðar.

Ef gjalddaga leigu ber upp á sunnudag eða helgidag skal gjalddagi vera næsti virki dagur þar á eftir.

52. gr.

Húsaleiga og annað endurgjald, sem leigutaka ber að greiða, skal greitt á þeim stað sem báðir aðilar samþykkja. Verði ekki samkomulag skal leigutaki koma greiðslunni til leigusala á heimili hans eða vinnustað eða öðrum þeim stað er hann tiltekur innan héraðs.

Aðalfundur Leigjenda-samtakanna

Aðalfundur Leigjendasamtakanna verður haldinn í Félagsheimili Sóknar að Freyjugötu 27, 16. júní n.k. klukkan 14^{00}.

Þar verður kosin stjórn og lagabreytingar bornar upp. Það er nauðsynlegt að leigjendur fjölmenni á þennan fund, því það verður undir samtakamætti leigjenda komið hvort þeir nái fram þeim rétti sem hin nýju lög veita þeim.

Þetta eru engin ný sannindi hvað varðar leigjendur. Gömlu húsleigulögin, tilkoma þeirra og dauði eru órjúfanlega tengd lífi og dauða samtaka leigjenda. Það fást engin réttindi gefins og enginn skal halda að ruddalegir leigusalar verði ljúfir sem lömb, ef leigjendur þeirra æmta hvorki né skræmta við spörkum þeirra. Nei, en það verða þeir kennske ef þeir fá spark til baka.

Mútuviðskipti Boeingverksmiðjanna

Mönnum er í fersku minni þegar flett var ofan af mútuviðskiptum bandarísku Lockheed flugvélaverksmiðjanna. Nú hafa bandarísk yfirvöld komist að því að Boeingverksmiðjurnar hafa notað sama viðskipta máta.

Forráðamenn verksmiðjanna hafa greitt milljónir dollara í mútur til að komast inn í viðskipti upp á liðlega 100 milljón dollara. Múturnar hafa aðallega verið greiddar opinberum embættismönnum viðk. landa minna mæli til forráðamanna einkafyrirtækja. Rannsókn þessi er vel á veg komin en ekki lokið. Hún er afar umfangsmikil, til dæmis þarf að fá banka víðsvegar um heim til að gefa upp viðskipti sín við verksmiðjurnar. Múturnar eru ekki greiddar í nafni verksmiðjanna heldur falskra fyrirtækja sem hafa það eitt hlutverk að vera milliliðir við mútugreiðslurnar. Oftast heita múturnar sölu- eða umboðslaun.

Eftirfarandi greiðslur hafa verið sannaðar.

3.5 milljóna dollara greiðsla til yfirmanna Korean Air Lines í Suður-Kóreu til að greiða fyrir sölu þriggja Boeing þotna þangað. Þessar greiðslur komu gegnum japanskt ráðgjafarfyrirtæki.

695 þúsund dollara greiðsla til ráðgjafa flugmálastjórnar Egyptalands til að greiða fyrir því að hið ríkisrekna flugfélag þar keypti sex þotur af Boeing verksmiðjunum.

Að minnsta kosti 300 þúsund dollara greiðsla til formanns hins ríkisrekna flugfélags í Kuwait. Þessi greiðsla fór gegnum falskt fyrirtæki í Sviss.

Að minnsta kosti 95 þúsund dollara greiðsla til yfirmanns flughers Nepal.

Auk þessara greiðslna, sem allar voru inntar af hendi frá 1971-1974, er verið að rannsaka samskonar greiðslur til ríkisfyrirtækja og einkafyrirtækja í Japan, Saudi Arabíu og Egyptalandi.

Talsmenn verksmiðjanna eru kokhraustir þrátt fyrir þetta. Að sögn eins þeirra "hefur fyrirtækið aldrei greitt mútur og alltaf forðast að það orð megi nota um viðskipti þess."

Í ofanálag við þetta hafa fulltrúar verksmiðjanna útvegað væntanlegum kaupendum bankalán til að kaupa vélarnar. Til að fá þau lán verður að "sanna" að engar greiðslur væru innifaldar utan "venjulegra" umboðslauna. Fulltrúar verksmiðjanna hafa búið til fölsuð vottorð þar um.

Allt er þetta mál hið flóknasta og vefst fyrir bandarísku nefndinni sem rannsakar brot á lögum um viðskiptahætti. Þessar rannsóknir geta nefnilega "skað að viðskiptahagsmuni Bandaríkjanna erlendis" segir í fréttum um þetta.

Framhald af forsíðu

Alþýðubandalagið og kjarajöfnunin

Því er svarað skilmerkilega í Þjóðviljanum. Þar er nefnilega kvartað sáran yfir því að atvinnurekendur hafi "knúið" fram vöruverðshækkanir "með hótunum um stöðvun heillra atvinnuvega". Stéttabaráttan hefur áður bent á krók á móti þessu bragði atvinnurekenda, þ.e. að ríkisstjórnin hóti atvinnurekendum þjóðnýtingu. Við trúum ekki öðru en að alþýðubandalagsmenn, sem segjast vera sósíalistar, taki heilshugar undir þetta.

Ekki skortir þá æfingu í að hafa í hótunum eins og þeir hóta verkafólki kaupráni og verkfallsbanni.

Þetta ætti allavega ekki að skaða málstað alþýðubandalagsmannanna. Þeir geta líka alltaf kennt Framsókn eða krötunum um ef illa fer.

Í því hafa þeir líka æfingu.

framhald af baksíðu

NÝNASISTAR Í NOREGI.

fjórða áratugnum og ýttu undir norska og þýska nasista.

Eftir þessa atburði hafa hins vegar augu manna opnast fyrir því hvað nýnasistahreyfingin er og hve hættuleg hún er.

Nokkur verkalýðsfélög hafa til dæmis fordæmt nasistana og safnað fé til stuðnings fórnarlömbunum. Hópar verkafólks á ýmsum vinnustöðum hafa einnig gert þetta.

Norsk Front.

En hver er þá stefna þessarar hreyfingar, Norsk Front?

Líkt og nasista annarra landa grundvallast stefna þeirra á andstöðu við litað fólk. Norsk Front hefur það til dæmis á stefnuskrá sinni að reka frá Noregi allt litað fólk. Minna má á að enskir nýnasistar sem buðu fram í nær öllum kjördæmum í þingkosningunum þar nýlega, hafa einmitt þetta sama á stefnuskrá sinni.

Hryðjuverk eru einnig á stefnuskrá þeirra. Ætlunin er að skapa óróa og hentugt ástand fyrir þá til að gera valdarán. Þetta er einmitt sú leið sem allir fasistar og nasistar hafa notað til að komast til valda.

Að lokum er vert að benda á að það eru einmitt hægri öflin sem eru hvað gjörnust á aðgrípa til vopna og hryðjuverka. Við getum minnst þess að í Þýskalandi voru það einmitt hægri sinnar sem hófu hryðjuverkaölduna með morðum á vinstrisinnuðu fólki, rétt fyrir stúdentauppreisnirnar 1968.

En af hverju standa málin nú á þennan veg eftir 15-20 ára þenslutímabil í byggingariðnaði?

Í Reykjavík hafa verið starfandi fá en stór byggingarfyrirtæki sem ráðið hafa lögum og lofum. Í krafti þessa hafa forráðamenn þessara fyrirtækja skrúfað verðlag svo upp úr öllu valdi að nú er svo komið að almenningur hefur hreinlega ekki efni á að standa í húsakaupum nýrra íbúða, þ.e. eftirspurnin hefur minnkað. Þegar gróðinn minnkar vegna minnkandi eftirspurnar draga byggingarfyrirtækin saman seglin og flytja jafnvel allt suður til Nígeríu eins og dæmin sanna.

Markmiðið með rekstri þessara fyrirtækja er nefnilega alls ekki að byggja ódýrt þannig að fólk geti eignast þak yfir höfuðið heldur einungis að mala eigendum sínum gull. Þegar gullkvörnin malar ekki nóg handa fjárfrekum eigandanum þá er bara snúið sér að einhverju öðru. Fjármagnið er látið í eitthvað annað en verkafólkið látið á kaldan klaka atvinnuleysis.

Með auknum samdrætti og atvinnuleysi hlýtur enn að draga úr eftirspurninni. Ennfremur má benda á að vaxtahækkunin 1. júní og væntanlegar vaxtahækkanir á þessu ári og næsta samfara almennri kjaraskerðingu hljóta enn að valda minnkandi eftirspurn og þar með meiri samdrætti.

Horft á sjónvarp

Dufþakur

Enn um sjónvarp. Auðvitað kemur fyrir, að íslenska sjónvarpið sýnir athyglisverða þætti. Einkum hefur það borið við á sunnudagskvöldum. Má minna á, í þessu sambandi þætti eins og vinnuslys, Alþýðutónlist, Svarti-Björn.

Þættirnir um alþýðutónlistina sem eru orðnir fjórtán talsins, hafa að ýmsu leiti verið mjög fróðlegir. Rakin hefur verið saga tónlistarinnar (þ.e.a.s. þessarar alþýðutónlistar) allt frá því hún barst með svertingjum frá Afríku og fram til sjöunda áratugs þessarar aldar. Að vísu koma hér líka við sögu ýmsar tegundir tónlistar, sem ekki beinlínis hægt er að rekja til frumskóga Afríku. Hver þáttur tekur fyrir ákveðna tegund tónlistar-eða ákveðna stefnu, ef svo mætti að orði komast. Nægir að nefna jazz, blues, country-music, rock and roll o.s.frv. Það er hins vegar vafamál, hvort beri að kenna þessar ólíku tegundir tónlistar við alþýðuna, þó hinu sé ekki að neita, að margar þeirra eiga rætur að rekja til lífsviðhorfa og baráttu hins stritandi lýðs.


Haukur Már Haraldsson, blaðafulltrúi ASÍ, hefur séð um marga þætti sem taka til meðferðar vinnuslys og öryggi á vinnustöðum. Í því skyni hefur hann rætt við ýmsa aðila, sem hafa orðið fyrir alvarlegum slysum á vinnustað, svo og verkstjóra, framkvæmdastjóra, trúnaðarmenn og fulltrúa öryggiseftirlitisins. Um þætti þessa er margt gott að segja: t.a.m. kom það greinilega í ljós, að vinnuslys stafa að mörgu leiti af því, að öryggisbúnaði er ábótavant. Annað hvort var hann ekki fyrir hendi ellegar þá, að ekki hafði verið hirt um að koma honum fyrir og við nánari eftirgrennslan fannst hann í einhverju skúmaskoti. Í einu tilfellana viðurkenndi verkstjóri, að öryggisbúnaði hefði ekki verið komið fyrir vegna þess að það drægi úr afköstum.. Það er gamla sagan: Gróðinn situr í fyrirrúmi.

Svarti-Björn er nafn á framhaldsmyndaflokki, norskum að uppruna sem nýbúið er að sýna í sjónvarpinu. Þáttur þessi gerist um aldamótin og lýsir lífi verkamanna er unnu við járnbrautarlagningu við landamæri Svíþjóðar og Noregs. Þetta voru vel gerðir þættir og einkar athyglisverðir.

Þættirnir lýsa ömurlegu lífi verkalýðsins á þeim tíma og illum aðbúnaði. Vinnan var ekki tekin út með sældinni, atvinnuöryggi er ekkert og hungurvofan er nálægur gestur. Við slíkar aðstæður myndast ákjósanlegur jarðvegur fyri r byltingarsinnaðar hugmyndir. Svarti-Björn er ung kona (þó nafnið gefi annað til kynna), sem ræður sig í vinnu hjá einum vinnuflokkanna, er starfar við járnbrautarlagninguna, og sér hún um matseld fyrir hann. Höfundar myndarinnar hafa sjálfir sagt, að þetta sé þeirra persónulega útlegging á frásögninni um Svarta-Björn. En þrátt fyrir það, á myndin hrós skilið fyrir það, hversu raunsæ hún er og heiðarlega að henni staðið.

Að lokum má minnast á stutta mynd, er birtist á skjánum mið. vikudagskvöldið 23. maí, en þar var fjallað um þýska leikhússtjórann Erwin Piscator, en hann var einn af brautryðjendum pólitískrar leiklistar. Hann leit á listina sem tæki í þágu byltingarbaráttu verkalýðsins og hafa ýmsir kunnir leikritahöfundar lært af honum, t.d. Berolt Brecht. Þessi stutta mynd var annars gloppótt og vakti í rauninni fleiri spurningar en svör.

24ra stunda kennsluvika



Evrópskir kennarar þinguðu nýlega í Bonn í Vestur-Þýskalandi. Ráðstefnan sendi frá sér kröfur. Helstu kröfur eru að kennsluvika verði 24 stundir, að fækkað verði í bekkjum og að eftirlaunaaldur kennara lækki.

Kröfurnar sem settar voru fram af fulltrúum 10 Evrópulanda verða nánar skýrðar á ráðstefnu kennara í Englandi í byrjun næsta vetrar.

Formælandi ráðstefnunnar í Bonn sagði að samþykkt hefði verið að beina því til hinna ýmsu kennarasamtaka að samræma baráttu sína, kröfur og aðferðir.

Íslenskir kennarar eiga ekki aðild að þessu Evrópusamstarfi en hins vegar eiga íslenskir kennarar aðild að samtökum norrænna kennara sem munu aftur hafa samband við Evrópukennarana.

Kennsluvika íslenkra kennara er dálítið mismunandi en líklega að meðaltali um 30 stundir. Við það bætist síðan ýmis önnur vinna, svo sem heimavinna. Víðast hvar í Evrópu mun um að ræða mun styttri kennsluviku.

Full ástæða er fyrir íslenska kennara að gefa þessu gaum og snúast af alvöru gegn tilhneigingu ríkisvaldsins til lengingar kennsluviku og lengingar árlegs vinnutíma kennara. Nægir að benda á að kennslutími hefur undanfarið verið lengdur um tvo mánuði og nú er skylt að kenna til 31. maí í grunnskólum sem ekki hafa próf.

Jón Þorleifsson:

Á afmæli nágrímunnar 25.maí

Undir fölsku nafni hefur flokkur um landið
farið í hálfa öld,
og blekkjandi lygar þann langa tíma,
letrað á sinn skjöld,
og án allra verðleika út á það hlotið,
ýmsan trúnað og völd.
Á Íslandi er tilveran óhugnanlega
öfugsnúin og köld,
þar sem hræsni og ofbeldi hljóta að launum,
hæstu og bestu gjöld.
En vonandi er að óheilladagar,
eigi skammt í sitt kvöld.

Og verk þessa flokks hafa oftast orðið,
til óheilla landi og þjóð,
þó að sumum þau sjálfsagt finnist,
sæmileg eða góð,
og í þess skjóli á almúgans kostnað,
ætli sér gildan sjóð,
þó fyrir það verði fjöldinn að tapa,
fjöri á atómglóð.
Þá ágjörnu gildir einu þó renni,
annarra tár og blóð,
því glöggt má sjá hvaða óþverra er ötuð,
öll þeirra gengna slóð.

Nágríma sú er níðingar hafa
notað til að bjarga sér,
þrátt fyrir allt er útlitsbetri
en andlitið sem hana ber.
Með öll sín göt fyrir augum manna,
ósóma margan hún ver,
þar sem saur á saurinn ofan,
sífellt borinn er.
Því misnotkun á henni er meiri en þekkst hefur,
mest á landi hér,
og eflaust að fullu útslitin bráðum,
öll í sorpið hún fer.



...í stuttu máli

Indíra Gandhi og CIA.

Enn koma í ljós staðreyndir um hina spilltu stjórn Indíru Gandhis á Indlandi. Hið nýjasta varðar samskipti hennar og Kongressflokksins við CIA, leyniþjónustu Bandaríkjanna.

Eins og menn muna þá hallaði Indíra sér æ meira að Sovétríkjunum undir það síðasta og raunar ganga sovétmenn á lagið eins og nýafstaðin heimsókn eins leiðtoga Sovétríkjanna til Indlands gefur til kynna.

En þetta var ekki eina risaveldið sem Indíra hallaði sér að.

Bandaríski öldungardeildarþingmaðurinn Daniel Moynihan hefur sagt nýja sögu. Á sjötta áratugnum eða snemma á þeim sjöunda lét CIA mikið fé af hendi rakna til Kongressflokksins. Þetta gerðist að minnsta kosti tvisvar og í annað skiptið tók Indíra sjálf á móti fénu en hún var þá starfsmaður flokksins. Í bæði skiptin var féð fengið að beiðni Kongressflokksins og notað til að standa undir framboði flokksins í tveimur héruðum þar sem kommúnistar voru sérlega sterkir, Kerala og Vestur-Bengal.

Þessar peningagjafir komu þó ekki í veg fyrir það að Indíra stóð stuttu síðar fyrir herferð gegn því sem hún kallaði "bandarísk afskipti af indverskum innanríkismálum". Það var einmitt þessi herferð og samskipti hennar við Sovétríkin sem gerðu það að verkum að bandaríski öldungardeildarþingmaðurinn gaf sýnar upplýsingar.

Að sögn þingmannsins eru þetta "einu afskipti Bandaríkjanna af indverskum innanríkismálum". Þeir sem vilja mega náttúrulega trúa því.


Rússar seilast til áhrifa í Vestur-Evrópu.

Það hefur ekki farið hátt að rússar seilast í auknum mæli til áhrifa í Vestur-Evrópu samfara því að ítök Bandaríkjanna minnka. Skemmst er að minnast ferðar Brésneffs vestur fyrir járntjald fyrir réttu ári.

Nýlega fór síðan forseti Frakklands, Giscard d'Estaing, til Sovétríkjanna.

Ekki hafa borist miklar fréttir af því hvað var rætt í heimsókninni, utan umræðna um detente og fordæmingu á Kína. Að vísu tók sá franski ekki alveg undir fordæmingu rússa á Kína en þakkaði sovétmönnum fyrir "það sem þeir gerðu vegna atburðanna í Suðaustur-Asíu".

Brésneff bauð hins vegar upp á það að franskur geimfari færi næst með rússnesku geimfari. Að sögn ráðamanna í París hefur ekki verið gengið frá þessu en franski forsetinn sýndi málinu mikinn áhuga.



Teiknuð mynd frá Íran..................

Þótt ýmislegt ljótt megi segja um hina afturhaldssömu stjórn Khomenis í Íran hefur hún þó eitt gott látið af sér leiða fyrir íranska alþýðu. Írönsk alþýða hefur nefnilega fyrir sitt leyti kastað Carter og Brésneff á ruslahaug sögunnar, eins og segir með þessari mynd sem er úr vikublaði Byltingarsinnuðu samtakanna í Íran.

Áskriftargjöld 1979

VENJULEG ÁSKRIFT : KR.5000.-

BARÁTTU ÁSKRIFT : KR.7000.-

TIL ÚTLANDA : KR.13000.-

TIL ÖRYRKJA OG ELLILÍFEYRISÞEGA : KR.500.-



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
21. og 22. tbl. 8. árg. 5.6.1979

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður
Ingi Andrésson.

Brasilíustrákarnir

Á síðustu árum og mánuðum hefur Hitlersdýrkun og nasismi farið vaxandi í V-Þýskalandi, og eru nú um 150 nýnasistasamtök starfandi þar sem gefa út 109 tímarit. Flestir meðlima þessara samtaka eru ungt fólk sem kynntist nasismanum aldrei af eigin raun. Þetta hafa hægri öflin notfært sér og reyna nú allt hvað af tekur að breiða yfir og hylja hið raunverulega eðli nasismans, en benda einungis á ýmis aukaatriði. Þau reyna einnig að halda fram ýmsu sem þau telja að hafi verið jákvætt við nasismann t.d. að það hafi verið honum að þakka að hraðbrautirnar voru lagðar, að þá hafi agi verið ríkjandi og engir hermdarverkamenn o,s.frv.

Eitt af þeim málum sem setja nú hvað mestan svip á stjórnmálaumræðu í V-Þýskalandi um þessar mundir er fyrning refsingar á stríðsglæpamönnum. Hér er átt við að 31. desember nú í ár rennur út sá tími sem hægt er að lögsækja stríðsglæpamenn

Árið 1965 þ.e. tuttugu árum eftir lok heimstyrjaldarinnar síðari var reynt að koma því á að ekki væri lengur hægt að sakfella nasista fyrir stríðsglæpi. Þetta vakti svo mikla andstöðu að fresturinn var framlengdur með lögum til 31. desember 1969. Formlega fjalla lögin um öll morð og ekki er minnst á stríðsglæpi. Enn var fresturinn til að lögsækja stríðs glæpamenn framlengdur, og nú var ákveðið að hann skyldi renna út 31, desember 1979.

Öll hægri öflin hafa sameinast um að berjast gegn því að fresturinn verði framlengdur á ný. Helstu röksemdir þeirra eru þær að það sé ekki líklegt að fleiri stríðsglæpir verði afhjúpaðir í framtíðinni og að stríðsglæpamennirnir séu orðnir svo gamlir að það hafi enga þýðingu að dæma þá. Þessar röksemdir eru ekki nýjar. Árið 1969 var þessu einnig haldið fram en síðan hafa 11.500 stríðsglæpamenn verið lögsóttir.

Ef fresturinn verður ekki framlengdur geta gamlir nasistar óhræddir gefið sig fram og sagst hafa drepið gyðinga án þess að hægt sé að dæma þá fyrir. Þeir gætu farið að skrifa minningar sínar sem mundu að öllum líkindum seljast vel.

Þetta mál er einungis eitt dæmi um það sem hægri öflin eru að gera til að hvítþvo nasismann.

En hver er þá orsökin fyrir því að verið er að búa til nýtt andlit á nasismann?

Orsökin er sú að kapítalisminn sér í nasisma og fasisma einu leiðina út úr almennri kreppu sinni. Meðan verið er að undirbúa valdatöku fasismans berst borgarastéttin í nafni "frjálshyggju" gegn "ríkisafskiptum". Þessu er ætlað að blekkja verkalýðinn og hefur í Bretlandi og Kanada tekist. Raunverulegt markmið hægri manna er það að fella niður þau lýðréttindi sem margra ára barátta verkalýðsins hefur komið til leiðar. Hið raunverulega eðli fasismans er afturhald af verstu tegund. Fasisminn er hugmyndafræði herskáasta hluta einokunarauðvaldsins sem vill ekkert lýðræði verkalýðnum til handa.

En hægri öflin láta sér ekki nægja að hvítþvo nasismann. Þau halda uppi miklum áróðri gegn kommúnismanum því þau vita sem er að mestu and-fasistarnir og lýðræðissinnarnir eru kommúnistar. Með stríðsæsingartali sínu berst afturhaldið gegn friði í heiminum og hafa þar eignast ýmsa bandamenn. Þetta stríðsæsingar tal er síðan notað sem átylla til aukinnar vopnasmíði.

Stríðshættan eykst og í kjölfar hennar vex fasisma og nasisma fiskur um hrygg meðal afturhalds allra landa.

Eina leiðin til að berjast gegn fasisma og stríði er sameining verkalýðsins og annarra lýðræðis og friðarsinna á grundvelli baráttu til varnar lýðréttindum og gegn stríðsundirbúningi heimsvaldasinna.

Nýnasistar í Noregi

Það hefur komið á daginn að nýnasistahreyfingin í Noregi, Norsk Front, stóð á bak við sprengjutilræðið í göngu marx-lenínista í Osló á 1. maí s.l.

Norskur nasisti, félagi í Norsk Front, Petter Christian Kyvik, kastaði sprengjunni með þeim afleiðingum að göngumaður slasaðist alvarlega.

Þetta er ekki fyrsta tilræði nasista í Noregi. Meðal annars stóðu þeir fyrir að kasta táragassprengju inn í göngu á 1, maí 1974. Þeir hafa einnig gert árásir á Október-bókabúðir í Noregi, brennt tvær og sprengt tvær.

Einnig hefur komið á daginn að nýnasistar eiga drjúgan þátt í þeim óeirðum sem verið hafa aðfaranótt 1, maí í Osló undanfarin ár. Óeirðirnar voru miklar í ár og meðal annars slasaðist maður í sprengju sem allt bendir til að fyrrnefndur Petter Kyvik hafi kastað til að æfa sig fyrir sprengjukastið daginn eftir

Eftir að upp komst um sprengjumanninn, sem fékk kennslu í meðferð sprengiefnis í norska hernum þar sem hann er liðsforingi, varð mikið fjaðrafok í Norsk Front. Formaður NF, Blücher að nafni, lagði ríka áherslu á það við Kyvik að halda NF fyrir utan þetta mál

Það hefur hins vegar sannast að NF stóð að baki þessu og að tilræðismaðurinn fékk fyrirskipanir frá formanninum, Blücher.



Eitt af áróðurs plakötum Norsk Front. Plakatið var reyndar kært af samtökum útlendra verkamanna til ríkisins norska, en málið fer sér hægt. Áróður Norsk Front náði 1975 alla leið til Íslands, á síður Alþýðublaðsins, og var notað til að "rökstyðja" glæpi marx-leninista og þá sérstaklega aðstandendur Stéttabaráttunnar. Skyldi einhver tengsl vera milli NF og Alf.

Vaxandi andstaða gegn Norsk Front.


Þessi atburður hefur orðið til þess að andstaða gegn nýnasistum vex hröðum skrefum í Noregi. Norðmenn muna föðurlandssvikarana í síðari heimsstyrjöldinni og munu ekki láta þessa ná samsskonar áhrifum.

Hluti norskra stjórnmálamanna hefur hins vegar látið viðvaranir norskra kommúnista sem vind um eyru þjóta. Þeir hafa ekki álitið hreyfinguna vera það öfluga að það tæki því að hafa af henni teljandi áhyggjur. Þetta eru skoðanir af sama tagi og þýsku kratarnir og raunar þeir norsku líka höfðu á

Frmhald á síðu 6







Haustið 1977 skaut einn af meðlimum Norsk Front höglum inn í Þessa Oktober bókaverslun, í Tromsö Noregi. En hún selur róttækar bókmenntir.



Petter Kristian Kyvik (til miðju á myndinni) kastaði tveim sprengjum að kröfugöngu á 1. maí 1979. Minni myndirnar hér að ofan er af tveimur mönnum sem slösuðust. Thomas Wenneberg (efst) og Ulf Andersen.

Áskrift

Ég undirrit aður / uð óska eftir að gerast áskrifandi að STÉTTABARÁTTUNNI.

Nafn: ____________________

Heimili: ____________________

____

Sendist til: STÉTTABARÁTTAN
Pósthólf 1357
121 Reykjavík